

Alþingi
Erindi nr. P 141/1557
komudagur 13.2.2013



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

B.t. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 13. febrúar 2013

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um fjölmiðla, mál nr. 490.

I. Almenn

Ísað er til bréfs frá nefndarsviði Alþingis þann 25. janúar sl. þar sem Fjarskiptum hf. (Vodafone) var gefinn kostur á að koma að athugasemdum varðandi frumvarp til laga um fjölmiðla, mál nr. 490. Vodafone rekur myndmiðlun eftir pöntun (VOD þjónustu). Að mati fjölmiðlanefndar telst sú starfsemi til fjölmiðlunar og fyrirtækið því vera fjölmiðill í skilningi laganna. Vodafone er skráð sem fjölmiðill í skilningi. Af þeim sökum er félaginu nauðsynlegt að koma að nokkrum athugasemdum við framangreint frumvarp.

Þrátt fyrir að það sé ekki til umræðu í þessu lagafrumvarpi veltir Vodafone upp þeirri spurningu hvort að tilgangur og markmið laganna sé að ná yfir fjarskiptafyrirtæki sem bjóða upp á myndmiðlun eftir pöntun. Fjarskiptafélög heyra nú þegar undir fjarskiptalög nr. 81/2003 og allar þær reglur sem settar hafa verið um fjarskiptamarkaðinn á grundvelli þeirra. Vodafone bendir á að með því að fella fjarskiptafélög einnig undir fjölmiðlalög er nokkur óvissa uppi um undir hvaða reglur starfsemi félagsins heyrir hverju sinni og sum ákvæði fjölmiðlalaga virðast augljóslega ekki eiga að ná til hefðbundinnar starfsemi fjarskiptafyrirtækja.

Vodafone gerir eftirfarandi athugasemdir við umrædd frumvarp. Athugasemdum er skipt niður eftir greinum líkt og þær eru settar fram í frumvarpinu.

II. Athugasemdir Vodafone

17. gr. frumvarpsins

Vodafone telst til fjölmiðils þar sem Leiga Vodafone starfrækir myndmiðlun eftir pöntun sbr. 29. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (FML) en það er þjónusta sem fjölmiðlaveita býður, án tillits til þess víðtækis sem er notað til móttöku efnisins og án tillits til þess hvort greiða þarf fyrir efnið þannig að notandi getur horf á dagskrárliði í heild eða hluta þegar hann kýs og að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár fjölmiðlaveitu. Fjölmiðlaveita er sbr. skilgreiningu 15. tl. 1. mgr. 2. gr. FML er einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir fjölmiðil. Fjölmiðill er sbr. skilgreiningu 13. tl. 1. mgr. 2. gr. FML hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a.

dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.


Líkt og sjá má með skilgreiningu laganna á fjölmiðli virðist megin þungi þeirra skilgreiningar vera í þeim tilgangi að ná til almennra fjölmiðla, líkt og Morgunblaðsins, Fréttablaðsins o.fl., en ekki til fyrirtækja líkt og Vodafone sem bjóða viðskiptavinum félagsins upp á Leigu Vodafone, myndmiðlun eftir pöntun, sem þjónustuleið fyrir viðskiptavini.

Í ljós þess, að mati Vodafone, er markmið og tilgangur laganna ekki fella jafnt ríkar kvaðir á fyrirtæki líkt og Vodafone telur félagið mjög mikilvægt að skýrt sé tekið á því í lögnum hvaða fjölmiðla ákvæðunum er ætlað að ná til.

Á grundvelli þeirrar heimildar sem lagt er til að komi inn í lögin með 17. gr. frumvarpsins er Samkeppniseftirlitinu veitt heimild til að grípa til aðgerða og koma í veg fyrir, takmarka eða hafa skaðleg áhrif á fjölræði og/eða fjölbreytni í fjölmiðlum almenning til tjóns.

Vodafone telur mikilvægt að skýrt verði nánar hvernig löggjafinn hefur hugsað sér samspil þessa ákvæðis og almennra íhlutunarheimilda samkeppnislaga. Ráða af greinargerð að fyrst og fremst sé horft til fjölmiðla í hefðbundnum skilningi í þessu sambandi. Hins vegar verður ekki litið fram hjá því að miðað við skilgreiningar laganna, eins og þær eru túlkaðar af Fjölmiðlanefnd, ná ákvæðin einnig til fjarskiptafyrirtækja sem reka myndmiðlun eftir pöntun. Hér er því aukið á óvissu í rekstarumhverfi slíkra fyrirtækja.

Virðingarfyllt,



Guðjón Bjarni Hálfðánarson
lögfræðingur Vodafone